Torsten og Wanja Söderberg-hönnunarverðlaunin

Torsten og Wanja Söderberg-verðlaunin til starfandi norrænna hönnuða og handverksfólks voru veitt í fyrsta sinn árið 1994. Hin árlega verðlaunaafhending fer fram undir stjórn Röhsska, hönnunarsafns Svía í Gautaborg.

Verðlaunin voru stofnuð árið 1992 af sjóðum Ragnars og Torstens Söderberg, en þessir sjóðir eru meðal helstu styrktaraðila innan rannsókna- og þróunargeirans í Svíþjóð. Söderberg-bræðurnir Torsten (1894-1960) og Ragnar (1900-1974) störfuðu hjá Söderberg & Haak, stærsta stálheildsala Svíþjóðar á þeim tíma.

Eiginkona Torstens, Wanja, fædd Aminoff (1899-1982), var meðstofnandi sjóðsins. Hjónin tengdust Röhsska, hönnunarsafni Svía, með margvíslegum hætti allt frá 4. áratug 20. aldar og Torsten Söderberg var m.a. formaður safnstjórnar á sjötta áratugnum.

Fyrsta verðlaunaafhendingin fór fram á 100 ára fæðingarafmæli Torstens Söderberg þann 4. nóvember 1994. Verðlaunin eru veitt þann dag á ári hverju. Í dag nemur verðlaunaupphæðin 1 milljón sænskra króna, um 20 milljónum íslenskra króna.

Torsten and Wanja Söderberg's Prize

The first Torsten and Wanja Söderberg's Prize for active Nordic designers and artisans was awarded in 1994. The annual prize is awarded by the Röhsska Museum in Gothenburg, Sweden.

The prize was established in 1992 by the Ragnar Söderberg Foundation and the Torsten Söderberg Foundation, both of which are among the most significant supporters of research and development in Sweden. Brothers Torsten (1894-1960) and Ragnar (1900-1974) Söderberg made their careers at Söderberg & Haak, the most important steel traders in Sweden, with Torsten in Gothenburg and Ragnar in Stockholm.

Torsten's wife Wanja, born Aminoff (1899-1982), is the other original donor in the Torsten Söderberg Foundation. The couple's close ties with the Röhsska Museum date back to the 1930s. Torsten Söderberg was the chairman of the museum's Board of Directors from 1950 to 1960.

The first Torsten and Wanja Söderberg's Prize was awarded on 4 November 1994, on the 100th anniversary of Torsten Söderberg's birth. The prize continues to be awarded on his birthday. The prize currently amounts to SEK 1 million (approximately EUR 110.000).

# HÖNNUNARSAFN ÍSLANDS
## MUSEUM OF DESIGN AND APPLIED ART

(13.3. - 26.5. 2013)

Sýningarstjóri / Curator: Christoffer Blom
Hönnun sýningar / Design of the exhibition: Hlynur Axelsson
Uppsetning / Mounting: Christoffer Blom, Anna Wetterlundh, Hlynur Axelsson, Þóra Sigurbjörnsdóttir
Textavinnsla / Texts: Christoffer Blom, Harpa Þórsdóttir
Yfirlestur / Proof reading: Elísa Björg Þorsteinsdóttir
Grafísk hönnun / Graphic design: Ámundi

Forstöðumaður Hönnunarsafns Íslands / Museum director: Harpa Þórsdóttir
Stjórn / Board of the Museum: Erling Ásgeirsson, Klara Lísa Hervaldsdóttir, Helgi Pétursson
Forstöðmaður fræðslu- og menningarsviðs Garðabæjar / Head of culture and education Garðabær: Margrét Björk Svavarsdóttir

Hönnunarsafn Íslands. Garðatorgi 1. 210 Garðabær. Sími 512 1525. www.honnunarsafn.is

Hönnunarmiðstöð Iceland Design Centre | Mennta- og menningarmálaráðuneytið | Embassy of Sweden Reykjavík | Norska sendiráðið | GARÐABÆR




Harri Koskinen. Steinunn. Front. Sigurd Bronger. Sigurður Gústafsson. Henrik Vibskov



Hönnuðirnir og hönnunarteymið Front (Svíþjóð), Harri Koskinen (Finnland), Henrik Vibskov (Danmörk), Sigurd Bronger (Noregur), Steinunn Sigurðardóttir (Ísland) og Sigurður Gústafsson (Ísland) eiga það öll sameiginlegt að hafa á síðustu árum hlotið sænsku Torsten og Wanja Söderberg hönnunarverðlaunin sem eru meðal virtustu hönnunarverðlauna samtímans.

Leiðarljós sýningarinnar er að kynna úrval nýrrar norrænnar hönnunar á tímum sem einkennast af leit að nýjum einkennum og leiðum. Gömlum hefðum er ögrað eða þær endurmótaðar nú þegar norræn hönnun hefur átt velgengni að fagna í hálfa öld. Þessir hönnuðir hafa gert tilraunir með nýjustu tækni og leitað leiða til að nýta þau tækifæri sem tölvutækni hefur innleitt. Niðurstaðan er oft á tíðum óvænt sjónarhorn eða nýir notkunarmöguleikar. Leikgleði og framúrstefnuleg nálgun er ómissandi hluti af nútímahönnun.

Alþjóðavæðingin er að sama skapi snar þáttur í nútímahönnun en þessir hönnuðir sækja einnig innblástur til náttúrunnar og til þjóðlegra hefða og handverks á hverjum stað. Norræn fúnksjónalismi og einfaldleiki hafa ásamt nýjum efnum, aðferðum og vinnuumhverfi víkkað út vettvang og viðföng hönnunar.

Hönnunarheimurinn er alþjóðlegur og allir hönnuðirnir sem hér eiga verk beina sjónum sínum öðrum þræði þangað. Í þeirra hæfu höndum munu verða til nýir kaflar sem munu áfram stuðla að velgengni norrænnar hönnunar.

Sýningin er unnin í samstarfi við Röhsska, hönnunarsafn Svía.

Designers Steinunn Sigurðardóttir (IS), Harri Koskinen (FI), Front (SE), Henrik Vibskov (DK) and Sigurd Bronger (NO) and Sigurður Gústafsson (IS) have all been awarded Torsten and Wanja Söderberg's prize – one of the most prestigious design awards in the world.

The exhibition presents Nordic design of today, which is seeking a new identity and direction. Traditions are being challenged and reshaped after half a century of international success. The featured designers experiment with new technologies and study the opportunities offered by digital technology in particular. This results in surprising and unconventional applications. Playfulness and an avant-garde approach are integral to current design.

Internationalization is vitally important, but the designers also draw inspiration from nature and the traditions of their countries, including folklore and craft. Nordic functionalism and simplicity combined with new materials, methods and working environments, expanding the concept and areas of design.

The world of design is international, as are the designers featured in the exhibition, who keep adding new chapters to the success story of Nordic design.

The exhibition is made in collaboration with Röhsska Museum of Design and Applied Art, Sweden.

## STEINUNN SIGURÐARDÓTTIR
verðlaunahafi 2008

Eftir að hafa unnið um árabil fyrir fræga erlenda hönnuði og tískuhús stofnaði Steinunn árið 2000 fyrirtæki undir eigin nafni í Reykjavík sem hefur átt velgengni að fagna víða um heim. Hönnun Steinunnar endurspeglar víðtæka reynslu hennar og innsæi í tískustrauma og tíðaranda þar sem miklar kröfur eru gerðar um gæði. Fatalínur Steinunnar bera jafnframt vott um djúpan skilning á handverkinu og eiginleikum efnisins.

Steinunn sækir innblástur í íslenskt landslag og henni hefur tekist að leggja af mörkum aðdáunarvert norrænt framlag til hins alþjóðlega tískuheims.

Having worked for several well-known fashion houses, since 2000 Steinunn Sigurdardottir has run her own business from Reykjavik with great international success. Her designs reflect her extensive experience, strong sense of fashion and keen attention to quality. Her collections also bear witness to her impeccable detailing and understanding of fabrics.

Inspired by the Icelandic landscape, Steinunn Sigurdardottir has given the Nordic region a respect-worthy representative on the international fashion scene.



## HARRI KOSKINEN
verðlaunahafi 2009

Harri Koskinen er meðal fremstu hönnuða samtímans sem einbeita sér að framþróun hinnar norrænu hefðar. Fjölbreytt verk hans fela ávallt í sér höfuðeinkenni norrænnar hönnunar: nothæfni og einfaldleika formsins auk vandaðs efnisvals. Þessir þættir stuðla að sköpun klassískra gilda.

Koskinen nýtur velgengni í samstarfi sínu við fyrirtæki um allan heim en hann tekur líka virkan þátt í að endurvekja hönnunariðnaðinn heima fyrir.

Harri Koskinen is one of the foremost designers now occupied with the task of continuing the Nordic design tradition. His extensive body of work in a unique, strict design is consistently expressed, within the Nordic tradition of good function and simplicity of form, as well as in the choice of materials. These elements combine to create lasting values.

Enjoying successful partnerships with design-intensive companies around the world, he is also participating in the renewal of his homeland´s design industry.



## FRONT
verðlaunahafar 2010

Sofia Lagerkvist, Charlotte von der Lancken og Anna Lindgren

Verk Front eru ætíð unnin með fullri þátttöku iðnhönnuðanna þriggja sem mynda teymið – samvinnan nær yfir hvern hlut og hverja hugmynd. Hönnunin frá Front verður oft til í samstarfi við ýmsa sérfræðinga á ákveðnum sviðum, til dæmis handverksmanninn eða iðnframleiðandann, en einnig hefur hópurinn í hönnunarferlinu leitað til óvenjulegra samstarfsaðila svo sem töframanns og sagnfræðings.

Sagnfræðileg sérþekking samtvinnuð við mikla þekkingu á mikilvægasta hönnunarverkfærinu, tölvutækninni, skapar nýjar forsendur með nýjum efnum.

The Front industrial design group works using genuine cooperation, in which no object or idea can be separated from the collective. It is obvious from their designs that cooperation is an absolute prerequisite. Front's design has often arisen in partnerships with a number of complementary forms of expertise, such as the craftsman's or the industrial manufacturer's, but also with more unexpected forms such as that of the magician or historian.

Historical expertise combined with a high level of knowledge about today's most important design tool, digitalisation, creates new conditions with new materials.



## HENRIK VIBSKOV
verðlaunahafi 2011

Henrik Vibskov hefur í mörg ár lagt til vandaða og hagkvæma tískuhönnun fyrir unga og kröfuharða neytendur og hannað fyrir alþjóðlegan fataiðnað. Tískusýningar Henriks Vibskov og sviðsmyndir hafa markað honum ákveðinn stað innan framúrstefnunnar í tískuiðnaðinum. Hann notar tónlist, innsetningar og gjörninga í sköpunarverkum sínum sem bera listrænu öryggi hans glöggt vitni.

Vibskov hannar fyrst og fremst tískufatnað fyrir karlmenn en hann er einnig ábyrgur fyrir framsækinni fatahönnun fyrir konur og tískulínum með hagnýtum og nútímalegum fylgihlutum. Hann er vinsæll fyrirlesari og situr í dómnefndum fjölmargra evrópskra stofnana.

For many years Henrik Vibskov has delievered fashion design with good functionality for a young and demanding audience, and created design for industrial production on an international market. Henrik Vibskov's fashion shows and freestanding projects make him a significant avant-gardist in the fashion industry. He uses music, installations and performances in his creations with great artistic surety.

Vibskov is primarily a designer of men's fashion, but is also responsible for innovative women's wear and collections of practical and fashionable accessories. He is a popular speaker and jury member at numerous European institutions.



## SIGURD BRONGER
verðlaunahafi 2012

Núverandi handhafi verðlaunanna er skartgripaverkfræðingur. Gripirnir hans leiða okkur inn í vélrænt landslag ævintýra, skreytt strákslegum draumum með rómantískum og glaðhlakkalegum prakkarastrikum. Sigurd Bronger flytur okkur aftur til tjáningarmáta hönnunar frá upphafsskeiði iðnvæðingarinnar og uppfinninga endurreisnarinnar, eða til útópískra draumsýna framtíðarinnar. Tíminn verður að hráefni ásamt eðalmálmum, demöntum og viði, allt vandlega valið og þróað í löngu og nákvæmu ferli.

Skartgripir Brongers eru hafnir yfir kyn og kyngervi þó að úrvinnslan sé leikandi karllæg – með ýmsum tæknibúnaði, nákvæmni verkfræðinnar og undursamlegum handunnum umbúðum.

The recipient of last year's prize is a jewellery engineer. His objects take us on a journey through a mechanical fairytale landscape, full of boyish dreams with romantic and joyful pranks. Sigurd Bronger takes us back to the designs idioms of early industrialism and inventions of the renaissance, or to utopian visions of the future. Time is a material alongside precious metals, diamonds and wood, all carefully selected and developed in a long and thorough process.

Bronger's jewellery transcends gender, although the process is playfully male – with gears, precision engineering and wonderful handmade packaging.



## SIGURÐUR GÚSTAFSSON
verðlaunahafi 2003

Húsgögn Sigurðar eru unnin innan fjögurra hugmyndaramma og sköpunarferlið sjálft hvatt áfram af endalausri efahyggju. Construction-serían byggir á hugmyndum módernismans, Deconstruction afbyggir módernismann, Consumption tákngerir neysluhyggjuna og Conception byggir á minningum og hugarmyndum hönnuðarins sjálfs. Krókótt leið Sigurðar að lokatakmarkinu felur í sér sífelldar áskoranir í tengslum við byggingu hlutarins, hvort sem um er að ræða hugleiðingar um formgerð eða brott hvarf ákveðinna byggingarefna eða forma.

Sigurður sækir innblástur og form aftur í listasöguna og afhjúpar í verkum sínum svæðið þar sem skörun listar og hönnunar elur af sér framúrstefnu nútímans.

Sigurður designs within four different conceptual frameworks. His creative process is driven forward by a ceaseless scepticism. The Construction series builds on modernist principles, which the Deconstruction series breaks down. The Consumption series symbolizes consumerism while the Conception series builds on the memories and inner world of the designer himself. The crooked route Sigurður inevitably takes towards his end goal entails ceaseless challenges with regard to the construction of his items - whether it's meditations on form and structure, or the elimination of certain building materials or forms.

He draws his inspiration from art history while at the same time his work reveals the area where art overlaps with design, thus breeding the avant garde.

